

Tillögur SA að breytingum á virðisaukaskattskerfinu



Tillögur að breytingum á VSK kerfinu

1. Velta afþreyingar og samgangna innanlands færð í neðra þrep VSK
 2. Áfengi fært í neðra þrep VSK en áfengisgjaldið hækkað til að mæta tekjutapi á heilðsölustigi
 3. Öll fót og skór færð í neðra þrep VSK
 4. Afnáam endurgreiðslu VSK til erlendra ferðamanna af öllum vörum í neðra skattþrepi. Lágmarksfjárhæð hækkuð.
 5. Allir vinna átaki verði framhaldið þar til afstaða hefur verið tekin til mannvirkja innan eða utan vsk.
- 📌 Aukin virkni eftirlits með skattskilum





Rökstuðningur fyrir breyttri nálgun


- Núverandi upplegg hefur einkum verið gagnrýnt fyrir tvennt:
 - Áhrif af hækkun matarskatts á kaupmátt tekjulægri heimila
 - Tillögurnar gangi ekki nægilega langt í einföldun virðisaukaskattskerfisins. Undanþágum fækki óverulega og breikkun því takmörkuð.
- Með þeirri nálgun sem hér er lagt upp með er komið til móts við þessa gagnrýni. Áætla mætti að áhrif til lækkunar á VNV væru um 0,5%. Kaupmáttaráhrif væru því veruleg og varanleg – ekki hvað síst fyrir tekjulægri barnafjölskyldur.
- Stigið væri mun stærra skref í þá átt að færa ferðaþjónustu í eitt vsk þrep – einföldun sem ætti að skila stórbættum skattskilum þegar fram í sækir.
- Þetta útspil gæti jafnframt leikið stórt hlutverk við gerð kjarasamninga í vetur.
- Tekjuáhrif fyrir ríkissjóð eru í fyrstu neikvæð um 1.200 milljónir króna en reikna má með því að einföldun kerfisins muni einfalda eftirlit og auka skilvirkni virðisaukakerfisins. Líkast til myndi það veða upp þetta tekjutap



Metin áhrif aðgerðanna á tekjur ríkissjóðs



Aukin skattlagning á afþreyingu og samgöngur innanlands



Heimildir: Hagstofa Íslands, aðilar í ferðaþjónustu, Fjársýsla ríkisins, Rannsóknastofnun atvinnulífsins, áfengisheildsalar, útreikningar efnahagssviðs SA



Forsendur

Áfengi fært í neðra þrep VSK

- Lækkun VSK tekna á áfengi sem selt er á vínveitingastöðum er metin út frá gögnum úr skýrslu Rannsóknarstofnunar atvinnulífsins um skattsvik í ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir að helmingur þeirrar áfengisveltu sem ekki var færð í rétt VSK þrep hafi verið færð í neðra þrepið og helmingur svikinn undan skatti bæði fyrir og eftir færslu áfengis í neðra þrep VSK.
 - Ef færsla áfengis í neðra þrep myndi aftur á móti leiða til aukinna VSK skila og öll áfengissala vínveitingahúsa yrði réttilega færð eftir breytingar yrði tekjutap ríkisins 400 m.kr. minna en í grunddæminu.

Aðrar forsendur

- Allar tölur miðast við árið 2013
- Fataverslun íslenskra heimila erlendis hefur verið metin u.þ.b. 35% af heild

